



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

2. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 12. september 2022 kl. 20.00 í Hvítárdal

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Anna Kristín Lárusdóttir varamaður í forföllum Heimis Sigurðssonar og Ragnheiður Björg Magnúsdóttir varamaður í forföllum Brynju Sólveigar Pálsdóttur

Gengið til dagskrár

1. Kynning á tilgangi og verkefnum Ungmennaráðs Hrunamannahrepps.
 - a. Sigfríð fer yfir tilgang og verkefni ungmennaráðs. Athugasemd við 7 gr. samþykktar fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps.

7. gr.

Sveitarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni samtals fimm fulltrúa í ungmennaráðið og fimm til vara. Tilnefningin eigi sér stað fyrir 20. september ár hvert. Fulltrúi verður að hafa lögheimili í Hrunamannahreppi. Einn fulltrúi úr 9. eða 10. bekk Flúðaskóla og einn til vara sem valinn er árlega. Nemendaráð Flúðaskóla velja fulltrúa skólans. Einn fulltrúi úr Félagsmiðstöðinni Zero og einn til vara sem valinn er árlega. Zero nefndin velja fulltrúa Zero. Þrjú fulltrúar og þrjú til vara sem Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps velur úr hópi þeirra sem eru ekki á grunnskólaaldri. Kjörnir eru einn og tveir aðal- og varamenn til skiptis í eitt ár og hinir í tvö ár. Skólanefndin (á að standa lýðheilsu og æskulýðsnefnd) skal við valið hafa að leiðarljósi að þessir fulltrúar endurspegli sem breiðastan hóp þessa aldurshóps í Hrunamannahreppi.

2. Skipun í Ungmennaráð
 - a. Anna Katrín Víðisdóttir er aðalmaður til eins árs
 - b. Eyrún Hjálmarsdóttir er aðalmaður til tveggja ára
 - c. Vantar enn tvo varamenn
3. Tillögur að breytingum á reglum um Hvatastyrk
 - a. Nefndin leggur til að reglur um hvatastyrk til íþróttá- og tómstundaiðkunar verði breytt. Reglurnar hljóða svo í dag:

Hvatagreiðslur geta orðið 15.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 30.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Upphæð styrks getur ekki orðið hærrí en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþróttá- eða tómstundagreinar.

Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á.

Við viljum leggja til að þessu ákvæði verði breytt þannig að hvert barn eigi rétt á 30.000 kr. styrk hvort sem sótt er um hann í einu lagi eða tvennu lagi. Ástæðan er sú að mismunandi er milli íþróttafélaga og tómstundafélaga hvort rukkað sé fyrir allan veturinn í einu eða fyrir og eftir áramót og hefur borið á því að börn hafa ekki getað nýtt allan styrkinn vegna þessa.

Einnig er eftirfarandi ákvæði í reglunum í dag:

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn. Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Við viljum leggja til breytingar á þessu ákvæði þannig að hægt sé að sækja um styrkinn í tvennu lagi eða einu lagi og þarf að skila inn umsókn fyrir 1. maí eða 1. desember.

4. Hugmyndir um hreyfi/virkni viku í Hrunamannahreppi
 - a. Nefndin kemur með þá hugmynd að haldin verði hreyfi/virkni vika í Hrunamannahrepp í tengslum við Uppskeruhátíð Hrunamannahrepps eða einhverja viku að hausti til. Gaman væri að geta boðið uppá ókeypis í sund, tækjasal og íþróttahús ásamt því að vera með kynningu á alskonar hreyfingu eða uppbyggjandi fyrirlestra er varða heilsu íbúa. Markmið og tilgangur vikunnar er að kynna íbúum fyrir hreyfingu og fá fleiri til að stunda reglubundna hreyfingu.
5. Opnunartími félagsmiðstöðvarinnar Zero
 - a. Nefndinni þykir miður að það þurfi að skera niður opnunartíma frá september til apríl v. fæðingarorlofs starfsmanns og að unglingar þurfi að gjalda fyrir það í vetur. Einnig þykir okkur æskilegt að ungmennaráð taki þetta fyrir.

Fundi slitið kl 20.50